

EFTIRLITSSKÝRSLA

Kratus ehf Hvalfjörður



UMHVERFISSTOFNUN

Dags eftirlits	19.12.2017	Ábyrgðarmaður eftirlits	Halla Einarsdóttir
Fyrirtæki	Kratus ehf	Eftirlitsmaður	Sverrir Aðalsteinn Jónsson
Heimili	Klafastaðavegi 4	Tegund eftirlits	Reglubundið
Kennitala	4307002270	Flokkur	Verksmiðja
Fulltrúi fyrirtækis	Haraldur Thorlacius	ÍSAT nr.	3832
Fulltrúi fyrirtækis		Staðsetning	64,355088 -21,788370

NIÐURSTAÐA EFTIRLITS

Farið var í fyrirvaralaust eftirlit vegna rykmengunar sem stafaði af mölun gjallsands í vinnsluhúsinu. Frávik var skráð þar sem að rekstraraðili skal hreinsa ryk og fínefni sem myndast við framleiðsluna t.d. með því að starfrækja reykhreinsivirki með pokasíum eða öðrum búnaði sem fangar efnið.

UMFANG EFTIRLITS

Farið var í fyrirvaralaust eftirlit vegna sýnilegrar rykmengunar. Rykið myndaðist við mölun gjallsands en dyr voru opnar vegna óhapps sem átti sér stað í morgun, þegar keyrt var utan í hurðina svo hún fór af. Mikið ryk var í vinnsluhúsnæðinu og nærumhverfinu. Rekstraraðili kvaðst muni stöðva mölunina þar til lausn hefur verið fundin til að minnka rykmengunina. Fram kom í eftirlitinu að verið væri að mala niður efni til að koma fyrir búnaði fyrir þurrvinnsluferil sem kynntur hefur verið í eftirlitum og gögnum fyrir nýtt starfsleyfi. Slíkur búnaður mun þá mala efnið en vera tengdur afsogsbúnaði sem hreinsar ryk úr útblæstrinum.

Frávik frá

Grein 2.4 í starfsleyfi

Lýsing á fráviki

Rekstraraðili skal hreinsa ryk og fínefni sem myndast við framleiðsluna, t.d. með því að starfrækja reykhreinsivirki með pokasíum eða annan búnað til að fanga efnið. Mikil rykmengun var á verksmiðjulóðinni vegna mölunar gjallsands en árekstur á hurð olli því að hurðar á verksmiðjunni stóðu opnar þegar mölunin fór fram.

1 Frávik: Framkvæmd telst ekki í samræmi við kröfur sem settar eru fram í starfsleyfi, lögum eða reglugerðum.

2 Athugasemd: Ástand sem eftirlitsmaður telur vert að vekja athygli á í þágu heilsuverndar, umhverfisverndar og öryggis en sem ekki geta talist frávik.

Reykjavík, 29.12.2017

Halla Einarsdóttir

Halla Einarsdóttir